félagsins ~~(...)~~ fyrir nokkrum árum, og birti hann söguna í blaði félagsins.

Kría ein hafði setið lengi á Tjarnarbakkanum eystri, nokkru fyrir sunnan Fríkirkjuna. En kisa er þar á ferð og hugsar sér nú kænlegt ráð til þess að komast að henni og ná henni. Kisa fer því niður fyrir bakkann, alllangt frá þar sem krían sat, og læðist þar fram undir bakkanum, stiklar þar á steinunum þeim, sem undir honum eru þar á við og dreif, þétt við landið eða úti í vatninu, unz hún kemur á móts við kríuna, sem þarna sat og einskis ills átti sér von. Kisa hremmir hana og labbar síðan rólega suður á leið til Hljómskálans. Þetta sjá félagssystur kríu, þær er hólmann byggðu, og koma allar í einum hópi – sennilega um 200 talsins eða fleiri – og gera svo harða atlögu að kisu, að hún sér sér þann kostinn vænstan, að sleppa herfangi sínu við þær. Var krían ósködduð með öllu og gat flogið heil á húfi með stallsystrum sínum út í hólmann sinn, frí og frjáls fyrir atbeina þeirra, er svo dásamlega höfðu haft samtök um að frelsa hana úr gini kattarins og dauðans greipum hans.

~~Þegar strákar eru „að egna fyrir kríu“ með því að fleygja lifur og slori út í sjó, gera þeir það sumir að gamni sínu, en aðrir af hrekkjanáttúru sinni, m.a. til þess að „snara“ fuglum í gríð og drepa síðan; er það grimm og ljót veiðiaðferð.~~

~~Krían sér agnið, verður ærgöngul mjög, og ef hún nær því, með því að hætta sér nærri þeim sem egnir – því ekki vantar áræðið –, flýgur hún með agnið, lifrarbroddinn eða slorskufsinn spölkorn út á sjóinn til þess þar að geta gert hann sér að góðu, en þar verður hún oft að sleppa honum við annan fugl, sér sterkari, Rituna, sem nær þessum góða feng og flýgur með hann sem fjær landi, en einnig hún mætir þar sér sterkari keppinaut, og verður að láta fenginn af hendi við hann, en það er Grámávurinn eða að lokum máti Svartbakurinn, sem að lokum tekur herfangið eftir hinum~~